

Sveinssonar fyrir hönd D. E. G. Brasch í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 8. júnímán.

Nr. 19/1896.

Rjettvísinn

gegn

Gísla Gíslasyni.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Barðastrandarsýslu 23. sept. 1895, var hinn ákærði, Gísli Gíslason, dæmdur fyrir þjófnað og ólögmeta meðferð á fundnum hlut til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með taldar 4 kr. í varnarlaun til talsmanns hans í hjerði, Björns Pjeturssonar.

Dómi þessum er að beiðni hins ákærða og af hálfu rjettvísinnar áfrýjað til landsyfirdómsins.

Með eigin játningu ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, er það löglega sannað, að hann, er hann var í kaupstaðarferð á Bíldudal laust fyrir jól 1893, tók úr opnum poka, sem stóð í fordyrinu fyrir framan sölubúð P. J. Thorsteinssons kaupmanns, nýtt vaðmálsvesti og hafði það heim með sjer og seldi það seinni hluta vetrar fyrir 1 krónu. Einnig er það sannað, að hann vorið 1894 tók úr fatahrúgu, er lá fyrir utan skúrinn við áðurnefnda sölubúð á Bíldudal, vaðmálstreyju; má álíta sannað, að þetta hafi verið sama treyjan, sem ákærði sá í

pokanum í forðyrinu við sölubúð Thorsteinssons fyrir jól 1893, er hann tók vestið, er fyr var getið. Föt þessi átti Kristín nokkur Árnadóttir og eru þau henni aptur skiluð. Taka ákærða á vestinu á undir 230. gr. almennra hegningarlaga, en að því treyjuna snertir, þá virðist ekki að hún, þegar ákærði tók hana, hafi verið í vörzlum neins manns, án þess þó á hinn bóginn álitid verði, að henni hafi verið kastað burtu, og hún því hafi einskis manns eign verið, og á því taka ákærða á treyjunni undir 249. gr. almennra hegningarlaga. Undirdómarinn hefur þannig með rjettu heimfært brot hins ákærða undir nefndar lagagreinar, og með því yfirdómurinn fellst á, að hegning ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, sje ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð, sbr. 63. gr. hegningarlaganna, eins og líka á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Hinum ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 krónur til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Ákærði, Gísli Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, cand.

juris Hannesar Thorsteinson og málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 22/1896.

Rjettvísín

gegn

Yngveldi Sigurðardóttur.

### D ó m u r:

Með dómi gegnum í aukarjetti Strandasýslu 5. nóvember f. á. var hin ákærða, Yngveldur Sigurðardóttir, dæmd fyrir innbrotspjófnað til að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, svo og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum er að beiðni hinnar ákærðu áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það er með eigin játningu ákærðu, Yngveldar Sigurðardóttur á Gjögri, og styðst sú játning hennar við aðrar skýrslur, sem fengnar eru í málinu, löglega sannað, að hún í janúarmán. f. á. fór í læsta sjóbúð húsmanns Pjeturs Guðmundssonar þar, í þeim tilgangi að sækja þangað plötu, er hún átti þar og hafði notað þar nokkru áður við brauðabakstur, og tók hún þá við það tækifæri þar í búðinni ófrjálstri hendi einn mældan bolla af kaffi og 2 kandíssykurmola, er allt hefir verið virt á 35—37 aura. Fór hún í búðina með þeim hætti, að hún opnaði hurðina á búðinni með lykli, sem